

Tillaga til þingsályktunar

um þekkingarsetur til undirbúningsnáms fyrir börn af erlendum uppruna.

Flm.: Bryndís Haraldsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og barnamálaráðherra að setja á fót þekkingarsetur til undirbúningsnáms fyrir börn af erlendum uppruna, samhliða aðgerðum í samræmi við markmið aðgerðaáætlunar stjórnvalda í málefnum íslenskrar tungu. Þekkingarsetrið verði miðstöð fyrir börn sem eru að fóta sig í íslensku samfélagi og leggi áherslu á samræmda tungumálakennslu og hæfnimat í samræmi við inngildingarstefnu stjórnvalda. Ráðherra kynni Alþingi afrakstur undirbúningsvinnu eigi síðar en á vorþingi 2027.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 154., 155., 156. og 157. löggjafarþingi (12. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Fylgdi henni svofelld greinargerð:

„Nemendur í grunnskólum voru 47.507 haustið 2023 og hafa ekki áður verið fleiri nemendur í skyldunámi á Íslandi. Grunnskólanemum hefur fjölgað um 392 frá haustinu 2022 eða um 0,8%. Skýringin á fjölguninni er aðallega flutningur fólks til landsins en nemendum sem hafa erlent tungumál að móðurmáli hefur fjölgað ár frá ári. Haustið 2023 hafði 7.361 grunnskólanemandi erlent tungumál að móðurmáli, eða 15,5% nemenda, sem er fjölgun um tæplega 800 frá árinu áður. Tæp 30% nemenda í íslenskum grunnskólum hafa erlendan bakgrunn. Frá fyrra ári hefur mest fjölgað í hópnum innflytjenda, en þeim fjölgaði um 805 í rúmlega 3.700 og eru tæp 8% nemenda í íslenskum skólum.

Ljóst er að þessi fjölgun barna af erlendum uppruna á stuttum tíma hefur valdið verulegu álagi á grunnskóla landsins, kennara og annað starfsfólk skólanna. Þeir hafa reynt að mæta þróuninni eftir fremsta megni og hefur stjórnendum og kennurum skóla verið keppikefli að taka vel á móti þeim nemendum sem hingað koma frá útlöndum, sem oft eru í viðkvæmri stöðu og standa höllum fæti. Þrátt fyrir mikla aðlögunarhæfni og góðan vilja gagnvart nýjum áskorunum á þessu sviði hafa kennarar á undanförunum misserum kveðist vera að sligast undan álagi og telja þeir að sérhæfðari og samræmdari úrræði vanti fyrir þennan hóp þar sem stór hluti tíma kennara við almenn kennslustörf snúi að móttöku barna sem séu að fóta sig í íslensku skólakerfi.

Hér á landi eru ekki reknir eiginlegir móttökuskólar þó að móttökudeildir fyrir börn af erlendum uppruna sé að finna í einhverjum grunnskólum. Flutningsmenn tillögunnar telja ljóst að þörf sé á slíku úrræði eða útfærslu á því. Í aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026 er kveðið á um samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu. Þar er tekið fram að mótað verði verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þar sem sérstök áhersla verði lögð á íslensku sem annað mál. Lögð verði áhersla á íslenskukennslu við hæfi, viðeigandi stuðning í námi og inngildingu í íslenskt samfélag sem allra fyrst eftir komu til landsins. Verklagið verði innleitt þvert á skólastig og þjónustukerfi.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að samhliða markmiðum í aðgerðaáætlun verði sett á fót þekkingarsetur til undirbúningsnáms fyrir börn af erlendum uppruna. Um er að ræða móttökuskóla. Þekkingarsetrinu fylgi fullt fjármagn en rekstur verði í höndum sjálfstæðs aðila. Hugsunin að baki slíku þekkingarsetri er sú að börn hljóti sérhæfða og samræmda kennslu í íslensku með það fyrir augum að byggja undir nám í almennum grunnskólum og það geti þá hraðað því að erlend börn nái fyrir færni og getu til þess að takast á við námsefni sem kennt er á íslensku. Undirstrikað er að það skuli ávallt vera meginmarkmið að barn nái sem allra fyrst þeirri hæfni sem nauðsynleg er til að geta innritast í bekk í heimasjóla sínum og hafi þannig sömu raunverulegu tækifæri til náms og innfædd börn á sama aldri. Markmið úrræðisins væri að hraða og auka gæði inngildingar barna af erlendum uppruna inn í íslenskt skólakerfi. Miðað væri við að nemendur yrðu aldrei lengur en tvö ár í undirbúningsnámi og að kennarar legðu mat á það með reglubundnu millibili hvort nemendur hefðu öðlast þá færni í einstökum námsgreinum sem þyrfti til að sækja kennslustundir í almennum grunnskólum, með sérhæfðri íslenskukennslu utan skólatíma ef þess væri þörf.

Fyrirmynd slíks undirbúningsnáms er t.d. að finna í Noregi. Áður en börn umsækjenda um alþjóðlega vernd og börn innflytjenda hefja hefðbundið grunnskólanám geta sveitarfélög í Noregi boðið þeim að taka þátt í undirbúningsnámi (n. *innføringstilbud*). Hægt er að skipuleggja námið þannig að það fari allt eða að hluta fram í einstökum hópum, bekkjum eða skólum. Nemendum ber ekki skylda til þess að taka þátt í undirbúningsnámi. Sveitarfélagi ber að leggja mat á það hvort slíkt undirbúningsnám sé nemandi fyrir bestu en nemandi og forráðamaður þurfa ætíð að samþykkja þátttöku. Undirbúningsnám getur staðið í allt að tvö ár. Nokkur sveigjanleiki er innbyggður í undirbúningsnámið en hægt er að auka kennslu í einstökum námsgreinum á kostnað annarra ef það hentar viðkomandi nemandi betur. Markmiðið með undirbúningsnáminu er að nemandi læri norsku eins hratt og kostur er svo að hann geti tekið þátt í venjulegu grunnskólanámi. Ef þörf krefur á nemandi þó rétt á tungumálanámi sem er sérsniðið að þörfum hvers og eins (n. *særskilt språkopplæring*) eftir að hann hefur hafið venjulegt grunnskólanám.

Með þekkingarsetri líkt og hér er lagt til myndu sveitarfélög eiga þess kost að útfæra úrræðið nánar en leita til sérhæfðrar miðstöðvar sem byggi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til þess að undirbúa nemendur af erlendum uppruna fyrir nám í almennum skólum. Þeim yrði því falið að meta hvort það yrði innan eða utan skóla, hvort nemendur yrðu þar að öllu leyti eða að hluta en megináhersla verði lögð á að börn af erlendum uppruna fái samræmda þjónustu og undirbúning fyrir almennt nám. Leggja þarf áherslu á að heimaskólar sem taka við börnum að undirbúningsnámi loknu séu í stakk búnir til að aðlaga nemendur hratt og vel inn í skólakerfið með það fyrir augum að þeir taki fullan þátt í almennu skólastarfi og hafi færni til að stunda það nám sem lagt er upp með samkvæmt aðalnámskrá.“